



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Bréf til sveitarfélaga,

Reykjavík 28. janúar 2022

### **Efni: Mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og réttur barna til þátttöku og áhrifa**

Hlutverk umboðsmanns barna er m.a. að stuðla að því, að stjórnvöld virði ákvæði Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, og taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna sbr. lög nr. 83/1994, um umboðsmann barna. Mikilvægur þáttur í innleiðingu Barnasáttmálans er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku sem snertir börn.


Umboðsmaður barna fær reglulega ábendingar sem snúa að ákvörðunum sveitarfélaga og hvort þær samrýmist hagsmunum og réttindum barna. Umboðsmaður barna vill því áréttá að sveitarfélögum ber skylda til að leggja sérstakt mat á áhrif ákvarðana á börn sem teknar eru á vettvangi þeirra, en slíkt mat ætti ávallt að fara fram á fyrstu stigum umræðu eða ákvarðanatöku. Mat á áhrifum á börn er liður í því að kanna hvort ákvörðunin samræmist 3. gr. Barnasáttmálans, sem kveður á um að það sem börnum er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang, þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða þau. Leiði mat á áhrifum í ljós að um neikvæð áhrif á börn er að ræða, ber sveitarfélögum skylda til þess að leita allra leiða til þess að fyrirbyggja slík áhrif, og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem það er ekki unnt. Þannig er tryggt að ákvörðun hverju sinni samræmist 3. gr. Barnasáttmálans. Þá ber sérstaklega að áréttá að sú skylda á ekki eingöngu við um ákvarðanir sem snúa beint að börnum eins t.d. og um fyrirkomulag skóla- eða tómstundastarfs, heldur þarf einnig að leggja mat á áhrif annarra ákvarðana sem snerta börn með óbeinni hætti, eins og t.d. skipulags- og samgöngumál.

Sveitarfélög bera jafnframt skyldu til að veita börnum rými og vettvang til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem þau varðar og ber að taka réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska, líkt og 12. gr. Barnasáttmálans kveður á um. Í þessu samhengi er rétt að benda á mikilvægi ungmennaráða sveitarfélaga þó svo að samráð við börn geti átt sér stað með fjölbreyttum hætti. Virkt samráð við börn um málefni sem snerta þau er lykilatriði í því að

komast að niðurstöðu um hvað sé börnum raunverulega fyrir bestu en auk þess búa börn yfir nauðsynlegri innsýn í eigin málefni og sjá oft lausnir sem aðrir koma ekki auga á.

Með hliðsjón af framangreindu hvetur umboðsmaður barna sveitarfélög til þess að virða rétt barna til þátttöku og áhrifa og til að innleiða að fullu ákvæði Barnasáttmálans í allri framkvæmd og ákvarðanatöku á vettvangi þeirra.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Salvör Nordal'. The signature is fluid and cursive, with the first name 'Salvör' being more prominent than the last name 'Nordal'.

Salvör Nordal, umboðsmaður barna

## SKIPTAYFIRLÝSING


Sveitarfélögin Hrunamannahreppur kt. 640169-2309, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Flóahreppur, kt. 600606-1310 og Ásahreppur, kt. 430169-0339 hafa staðið sameiginlega skv. samstarfssamningum að uppbyggingu á aðstöðu fyrir hreinsun og verkun á seyru með uppbyggingu aðstöðuhúss að Flatholti 2, Flúðum. Hafa öll sveitarfélögin fjármagnað framkvæmdir vegna byggingar hússins frá upphafi í samræmi við reiknað hlutfall byggða lóða í sveitarfélögunum sem hafa fengið lokaúttekt og tengd fráveitukerfum þó verkið hafi verið unnið á nafni Hrunamannahrepps sem umsjónarsveitarfélags.


Með skiptayfirlýsingu þessari skiptist fasteignin **Flatholt 2, Flúðum, Hrunamannahreppi, fasteignanúmer 2506274** milli sveitarfélaganna í eftirfarandi eignarhlutföllum sem eru í samræmi við greiðslur sveitarfélaganna vegna fasteignarinnar skv. samstarfssamningi dags 7. febrúar 2018 sem er fylgiskjal með samningi þessum.


• Hrunamannahreppur	9%
• Grímsnes- og Grafningshreppur	43%
• Bláskógabyggð	34%
• Skeiða- og Gnúpverjahreppur	7%
• Flóahreppur	5%
• Ásahreppur	2%


Samhliða skiptayfirlýsingu þessari er gerður lóðaleigusamningur milli sömu aðila um lóðina að Flatholti 2, Flúðum, landnúmer 228734.

Flúðum 13. Desember 2021.

  
SVEITARSTJÓRI  
f.h. Hrunamannahrepps

  
SVEITARSTJÓRI  
GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPS  
f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

  
SVEITARSTJÓRI  
BLÁSKÓGABYGGÐAR  
f.h. Bláskógabyggðar


  
SVEITARSTJÓRI  
SKEIÐA- OG  
GNÚPVERJAHREPPS  
f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

  
SVEITARSTJÓRI  
FLÓAHREPPS  
f.h. Flóahrepps

  
SVEITARSTJÓRI  
ÁSAHREPPS  
f.h. Ásahrepps

Vottar að rétttri dags.  
undirritun og fjárræði aðila:

Hauddóra Hjörtvífól 220873-4559  
Lárus Kristinn Guðmundsson 080384-3199



Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Skjal nr. 33

A - 5. JAN. 2022

Stimpilgj. kr. \_\_\_\_\_  
Þingi.gjald kr. 2500,-

A - 5. JAN. 2022

## Lóðarleigusamningur

Sámpilgi kr. \_\_\_\_\_  
Þingljald kr. 200

Undirritaður, Hrunamannahreppur, kt: 640169-2309 nefndur leigusali og Hrunamannahreppur kt. 640169-2309, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Flóahreppur, kt. 600606-1310 og Ásahreppur, kt. 430169-0339 nefndir leigutakar gera með sér svofelldan samning:

### 1. gr.

Samkvæmt samningi þessum leigir leigusali leigutaka lóðina **Flatholt 2, Flúðum, Hrunamannahreppi, landnúmer 228734**. Lóðin er að flatarmáli 15.585m<sup>2</sup> og er lega hennar, lögun og takmörk eins og sýnd er á meðfylgjandi lóðarblaði dags. 20. maí 2019 sem unnið er af Landformi.

Á lóðinni er risið 879,8m<sup>2</sup> húsnæði, fastanúmer 2506274, undir sameiginlega vinnslu á seyru fyrir sveitarfélögin, og hafa sveitarfélögin/leigutakar fjármagnað kostnað við byggingu hússins á lóðinni í samræmi við skiptahlutföll milli sveitarfélaganna sem koma fram í samstarfssamningi sveitarfélaganna dags 7. febrúar 2018 og skiptayfirlýsingu dags.13. desember 2021 sem eru fylgiskjöl með lóðaleigusamningi þessum.

Lóðin er leigð til 50 ára frá dagsetningu þessa leigusamnings.

### 2. gr.

Leigutaki greiðir alla skatta, skyldur og gjöld sem lögð eru eða verða lögð á hina leigðu lóð sem gjaldstofn og mannvirki er á henni standa, samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru eða seinna verða sett.

### 3. gr.

Ársleiga er ákveðin af sveitarstjórn Hrunamannahrepps fyrir hvert fjárhagsár og er nú **0,5%** af fasteignamatí allrar lóðarinnar. Leiguna skal greiða ár hvert, með öðrum fasteignargjöldum, á þeim gjalddögum, sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga, er leigusala heimilt að láta selja hús og mannvirki, svo og leigurétt á opinberu uppboði henni til lúkningar, ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, án dóms, sáttar eða aðfarar sem lögveð skv. 6. gr. laga nr. 90/1991, eða ef hann kys svo taka þær fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar skv. lögum nr. 29/1885 og 1. gr. laga nr. 90/1989.

### 4. gr.

Leigutaka er heimilt að selja og veðstetja leigurétt sinn að lóðinni í heild ásamt húsum þeim og mannvirkjum sem á henni verða gerð. Sala skal tilkynnt leigusala um leið og hún hefur farið fram. Réttur veðhafa til veðs sem kann að hvíla á lóð og mannvirkjum á lóðinni skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki hafi ekki fullnægt skuldbindingum þeim, sem hann hefur undir gengist gagnvart leigusala með þessum leigusamningi, enda hvíli skuldbindingar á lóðinni og færist yfir á veðhafa eða aðra sem öðlast leiguréttinn úr höndum hins upphaflega leigutaka. Brot á leigusamningnum varðar því þá, sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sömu viðurlögum og hinn upphaflega leigutaka.

### 5. gr.


Nú telur leigusali að nauðsynlegt sé að leggja vatns-, hitaveitu-, rafveitu-, ljósleiðara-, fráveitulagnir eða aðrar lagnir um lóðina, og er henni það heimilt, án þess að greiða bætur fyrir jarðrask eða annað, enda sjái leigusali um að koma lóðinni í samt lag aftur.

### 6. gr.

Leigutaka er skylt að halda hinni leigðu lóð hreinni og snyrtilegri og flytja af henni allt, sem til óprýði er. Fullnægi leigutaki ekki ákvæðum þessarar greinar er leigusala heimilt að láta vinna verkið á kostnað leigutaka og eftir fyrir mælum heilbrigðisnefndar.

### 7. gr.

Brjótí leigutaki í einhverju ákvæði þessa samnings, þá er leiguréttur hans til lóðarinnar fallinn úr gildi og lóðin fallin aftur til sveitarfélagsins.



SW  
SW  
1681  
105

8. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

9. gr.


Við undirritun þessa samnings fellur úr gildi eldri óþinglýstur afnotasamningur milli aðila dags. 14.01.2015.

Leigutaki greiðir kostnað við þinglýsingu á samningi þessum og stimpilgjöld. Af samningi þessum eru gerð sex samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.


Til staðfestu undirrita landeigandi og leigutaki nöfn sín í viðurvist tveggja votta.

Flúðum 13/12/2021

f.h. Hrunamannahrepps


  
Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri

Ég undirritaður leigutaki geng að framangreindum leiguskiðmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.


  
f.h. Hrunamannahrepps  
SVEITARSTJÓRI

f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

  
SVEITARSTJÓRI  
f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

  
SVEITARSTJÓRI  
f.h. Bláskógabyggðar

  
SVEITARSTJÓRI  
f.h. Flóahrepps

  
SVEITARSTJÓRI  
f.h. Ásahrepps

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði útgefanda

Heulvora Hjörleifsdóttir

kt: 220873-4559

Leivus Kristinn Guðmundsson

kt: 080384-3199

Landnúmer og heiti upprunafóðar:  
Högnastaðir 1 L.166778


Landelgnanúmer Flatholt 2 : **228734**

Hnitpunktar í ISNS3 (fengnir af upprétti löfmynd):

Pkt.	x-hnit	y-hnit	Pkt.	x-hnit	y-hnit
01	43320.82	40972.75	b1	43312.66	40580.10
02	43292.89	40708.40	b2	43302.67	40542.89
03	43234.33	40663.32	b3	43321.60	40531.68
04	43500.72	40344.30	b4	43331.79	40546.89
			b5	43292.94	40546.85
			b6	43268.90	40570.60
			b7	43384.01	40576.77
			b8	43323.06	40630.82

Skýringar:

- Lóðamörk
- Lengd lóðamarkalínu
- Hnitpunktur og númer á lóðarmörkum
- Flatarmál lóðar
- Byggingareitur
- Hnitpunktur á byggingareit
- Bítastæði
- Akvegur
- Kvæð um akstur
- Hæðartíkur
- Hæðarjöldi bygginga
- Heilivattnsögn
- Kaldvattnsögn
- Rafmagn



Umhverfis- og tæknisvið  
Uppsveita  
*[Signature]*  
Staðsetning skipulagsmátanna

**LÓÐARBLAÐ - Flatholt 2 - iðnaðarlóð**  
**Hrunamannahreppur**

Lóðarblað byggt á staflögslöggerðingunni Flatholt 1 og 2. Útgefið með 1. Búnaðarvæðingunni á Flatholti, sem byggir á staflögslöggerðingunni Flatholt 1 og 2. Útgefið með 1. Búnaðarvæðingunni á Flatholti, sem byggir á staflögslöggerðingunni Flatholt 1 og 2. Útgefið með 1. Búnaðarvæðingunni á Flatholti, sem byggir á staflögslöggerðingunni Flatholt 1 og 2.

Dags: 20.5.2019  
Vorknúmer: 214-037  
Mkv.: 1 : 2.000 / A4  
LANDSLAGSARITEXHTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS. síma 4090 fax/482 3542. landform@landform.is



*[Handwritten notes and signatures in the top right corner of the page.]*

Reykjanesbær 19. janúar 2022

Berist til fræðslustjóra, sveitarstjóra/bæjarstjóra.

**Málefni: Hvatning til sveitarstjórna/bæjarstjórna um allt land að greiða skólastjórnum fyrir vinnu sína er viðkemur rakningavinnu vegna Covid – 19.**

*Ágætu fræðslustjórar / sveitarstjórar / bæjarstjórar*

Nú hafa skólastjórnum unnið hörðum höndum við að halda úti skólastarfi við grunnskóla landsins í nær tvö ár. Allir sem einn hafa lagt sig fram við að búa um skólastarf eftir kostum á hverjum stað. Þeir hafa unnið kvöld og helgarvinnu án þess að fá greiðslur fyrir. Nú er staðan því miður orðin sú að stjórnendur eyða margir hverjir heilu og hálfu kvöldunum og helgunum við að rekja smit innan skólans. Þess fyrir utan eru þeir að reyna að skipuleggja daginn þannig að engin skerðing verði á kennslu eða kennsla felld niður.

Það er löngu komið að þolmörkum og viljum við svæðaformenn félags skólastjórnum á Íslandi hvetja ykkur til að greiða stjórnendum fyrir þá vinnu. Nú þegar hefur Reykjavíkurborg hafið greiðslur til skólastjórnum fyrir rakningar frá ágúst 2021. Í fastlaunasamningi skólastjóra er gert ráð fyrir 40 stunda vinnuviku. Eins og staðan er núna í mörgum skólum eru vinnustundir stjórnnum miklu fleiri en samningur segir til um, jafnvel tvöfalt fleiri og álagið gríðarlegt. Allir sem einn vinna þessa vinnu af heilum hug og eiga mikið hrós skilið.

Fyrir hönd svæðaformanna Skólastjórafélags Íslands

***Gróa Axelsdóttir***

Formaður félags skólastjórnum á Reykjanesi

## Félagsmálaráðuneytið

Stöðuskýrsla nr. 18 til ráðgefandi aðila

### Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 21.1.2022

Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

#### Efni: Staða velferðarþjónustu í heimsfaraldri.

#### Staðan í velferðarþjónustu sveitarfélaga 12.-20. janúar 2021

Í gegnum heimsfaraldurinn hafa sveitarfélög og starfsfólk í velferðarþjónustu sýnt mikla útsjónarsemi, sveigjanleika og fagleg vinnubrögð þegar upp hafa komið áskoranir sem lúta að sóttvörnum, smitum, mönnunarvanda og ýmsu fleiru. Mikill fjöldi smita, líkt og nú er, hefur keðjuverkandi áhrif á grunnþjónustu sveitarfélaga svo sem í þjónustu við fatlað fólk og eldra fólk. Hjá Reykjavíkurborg, svo dæmi sé tekið, eru nú um 6% starfsmanna velferðarsviðs ýmist í eingrun eða sóttkví sem hefur mikil áhrif á þá þjónustu sem fólk reidir sig á frá degi til dags.

Sveitarfélögin reka sólarhringsþjónustu á borð við íbúðakjarna fyrir fatlað fólk, þjónustu við börn, þjónustu við heimilislaua með fjölbættan vanda, þjónustuiðbúdir fyrir aldraða og hjúkrunarheimili. Á slíkum stöðum er þjónustan þess eðlis að ekki er hægt að loka eða senda íbúa annað þótt starfsfólk lendi í einangrun eða sóttkví. Hingað til hefur mönnunarvandi verið leystur með bakvarðarsveitum, bæði innan sveitarfélaga og hjá félagsmálaráðuneyti, yfirvinnu og þrautseigju starfsfólks. Það er samdómaálit þess fólks sem fer fyrir velferðarþjónustu sveitarfélaga í landinu að staðan í heimsfaraldri sé mjög viðkvæm og að lítið þurfi út af að bregða svo mikilvæg þjónusta skerðist enn frekar.

Í ljósi þessa ákvað sérstakt viðbragðs- og uppbyggingarteymi félagsmálaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga að senda út spurningalista á öll sveitarfélög/félagsþjónustusvæði þann 12. janúar sl. til að fá betri mynd af þeim brýnu áskorunum sem faraldurinn er að valda í þjónustu við viðkvæma hópa.

Af svörum sveitarfélaga/félagsþjónustusvæða að dæma þá virðist ástandið víða erfitt. Um helmingur sveitarfélaga/félagsþjónustusvæða hefur þurft að skerða þjónustu við viðkvæma hópa í þessari bylgju faraldursins. Fram kemur að sveitarfélögin forgangsraði þjónustu, samkvæmt viðbragðsáætlun, og hefur þjónusta á borð við liðveislur, félagsstarf aldraðra, heimaþjónustu, dagþjónustu aldraða, þjónustu við fólk í búsetuárræðum, þjónustu við börn í skammtímavistun, og ýmislegt fleira verið skert í þessari bylgju faraldursins. Lífsnaðsynleg þjónusta er varin til hins ýtrasta.

Um 67% sveitarfélaga/félagsþjónustusvæða, sem svörðu listanum, meta stöðuna svo að miklar áskoranir steðji nú að mönnum þjónustunnar hjá sveitarfélögum. Fyrri áskoranir, þar sem m.a. hefur reynst erfitt að fá starfsfólk bættast ofan á ástandið í heimsfaraldri. Ákveðnir hópar notenda eru enn fremur viðkvæmir fyrir mannaþreyingum og því er frekar reynt að auka við yfirvinnu starfsfólks, sem ekki er í sóttkví eða einangrun, frekar en að leita til utanaðkomandi aðila.

Fyrst ber að nefna að sveitarfélögin leggja áherslu á að ákvæði, um borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila, sem meðal annars fól í sér heimild til að breyta tímabundið starfsskyldum og að flytja starfsmenn tímabundið milli starfstöðva til að sinna verkefnum sem eru í forgangi á hættustund verði virkjað að nýju. Þetta ákvæði vegur þungt þegar kemur að því að verja mikilvæga velferðarþjónustu.



Áhersla var einnig lögð á að tryggja heimilislausum einstaklingum með fjölbættan vanda aðgang að farsóttarhúsi, þurfi þeir að sæta sóttkví og/eða einangrun. Einnig var nefnt að skoða þurfi sérstakar lausnir fyrir einstaklinga sem búa á herbergjasambýlum, en sá hópur fólks getur illa nýtt sér almenna þjónustu farsóttarhúsa.

Sveitarfélögin nefndu enn fremur fjárhagslegan stuðning vegna aukins launakostnaðar í tengslum við sóttvarnir, styrki til handleiðslu starfsfólks á krefjandi tímum, styrki til aukins félagsstarfs þegar samkomutakmarkanir rýmka, fjölgun úrræða í heilbrigðiskerfinu fyrir veikt aldrað fólk til að létta álagi á félagsþjónustu, álagsgreiðslur til starfsfólks og meiri samvinnu milli heimahjúkrunar og félagsþjónustu, sem nauðsynlegan stuðning við sveitarfélög næstu vikur og mánuði. Sum sveitarfélög nefndu frekari rýmkun reglna um sóttkví hjá fólki sem er þrífólusett auk rýmkun reglna um einangrun í þeim tilvikum þar sem einkennalaust starfsfólk og notendur smitast á sama tíma, og vinna í mikilli nánd sem mögulegan hluta af lausn mönnunarvandans.

Sveitarfélög geta leitað til bakvarðarsveitar velferðarþjónustu sem félagsmálaráðuneytið heldur utan um og frá desember hafa þrjú sveitarfélög og eitt fyrirtæki í velferðarþjónustu notið liðsinnis fólks úr bakvarðarsveit en útköllin eru fleiri þar sem liðsauki hefur verið veittur oftár en einu sinni á hverjum stað.

### **Viðbragð og samráð**

Í gegnum heimsfaraldur hefur félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga haldið úti nánú samstarfi í formi viðbragðs- og uppbyggingarteyma sem skilað hefur sér í stuðningi og snöggu viðbragði komi upp neyðarástand í þjónustu við viðkvæma hópa. Viðbragðsnetfang félagsmálaráðuneytisins og bakvarðarsveit velferðarþjónustu eru einnig verkefni sem tryggt hafa stuttar boðleiðir og nauðsynlegan stuðning við grunnþjónustu á mismunandi tímupunktum í faraldrinum.

Þann 12. janúar sl. fundaði félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra með forystufólki í velferðarþjónustu sveitarfélaga til að fá upplýsingar um stöðuna og hvað væri brýnt að stjórnvöld gerðu til að tryggja áframhaldandi viðhaldsprótt í velferðarþjónustu. Það var samdómaálit þessa forystufólks að stjórnvöld þyrftu að blása starfsfólki í velferðarþjónustu sveitarfélaga þrótt ekki síður en heilbrigðisstarfsfólki í opinberri umræðu. Einnig kom fram að byggja þurfi á þeirri seiglu og útsjónarsemi sem starfsfólk í velferðarþjónustu hafi sýnt, nú þegar við sjáum vonandi fyrir endann á faraldrinum.

Á næstu vikum fer í gang vitundarvakning á sviði geðheilbrigðismála barna og ungmenna undir formarkinu ertuokey.is. Vitundarvakningin er hluti af aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar frá því í apríl 2021 og að henni standa félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið, embætti landslæknis í samstarfi við Rauða krossinn, Geðhjálp og fleiri aðila. Markmiðið er að fá börn og ungmenni til að leita sér aðstoðar upplifi þau vanlíðan eða erfiðleika. Einn fremur verður vakin athygli á leiðum að vellíðan. Geðhjálp hefur einnig fengið fjárframlag til að fara í verkefni sem nefnist *Geðlestin* og verða grunn- og framhaldsskólar á Íslandi heimsóttir til að vekja athygli á mikilvægi geðræktar og þeim björgum sem eru í boði. Geðlestin er samstarfsverkefni Geðhjálp og Hjálparsímans 1717.

### **Næstu skref og álitæfni.**

Fyrirgreint viðbragðs- og uppbyggingarteymi sem í sitja fulltrúar sveitarfélaga, stofnana og ráðuneyta hefur virkjað viðbragð sitt enn frekar og hittist miðvikudaginn 19. janúar til að ræða niðurstöður spurningalistans með það fyrir augum að finna leiðir til að takast á við þær áskoranir sem nú eru uppi. Félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra mun halda áfram að hitta forystufólk í velferðarþjónustu, fulltrúa í velferðarvaktinni, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðra hagaðila til að fylgjast með stöðu velferðarþjónustu í landinu. Hvatt verður áfram til þátttöku í bakvarðarsveit velferðarþjónustunnar sem sannað hefur gildi sitt í heimsfaraldri. Sóttvarnarlækni verður send stöðuskýrslan til upplýsinga um þær áskoranir sem velferðarþjónustan stendur frammi fyrir.

Við ákvörðun sóttvarnarráðstafana er einkar brýnt að mat sé lagt á það hvort einfalda megi enn frekar reglur um sóttkví með hliðsjón af áhrifum þeirra á grunnþjónustu sveitarfélaga nú þegar smit eru svo mörg í samfélaginu. Sveitarfélög hafa bent á að rýnkun reglna um sóttkví þrífólussetts fólks hafi nýst vel til þess að sporna við mönnunarfanda en að einfaldari og skýrari reglur hjálpi þeim við að gæta samræmis í útfærslu milli sveitarfélaga og ekki síður milli starfseininga.